

Ferðamennska við Laka

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson

Íslensk ferðaþjónusta er að verulegu leyti náttúruferðamennska og ein mikilvægasta auðlind hennar er hálendið. Til að geta tekið við þeim aukna fjölda ferðamanna sem koma mun til landsins á næstu árum þarf að varðveita þessa auðlind og nýta hana fyrir fjölbreytilega ferðamennsku á sjálfbæran hátt og án þess að valda skaða á náttúrunni. Til að svo megi verða þarf að afla á vísindalegan hátt gagna um; óskir og upplifun ferðamanna, aðráttarafi einstakra ferðamannastaða, hversu mikinn ágang ferðamanna svæði þola og hvernig land nýtist best til útivistar og ferðamennsku. Ferðamálaáætlanir og skipulag hálendisins fyrir ferðamennsku þarf síðan að byggja á þeirri þekkingu. Til þessa hefur skipulag ferðamennsku á hálendinu ekki byggst á slíkum vísindalegum gögnum.

Verkefnið sem hér er kynnt er liður í forrannsókn að stærra verkefni, sem hefur að meginmarkmiði að afla þekkingar sem nýtist við gerð landnýtingaráætlunar fyrir ferðamennsku á suðurhluta hálendis Íslands. Stuðst verður við aðferðir sem notaðar hafa verið við skipulag víðerna og þjóðgarða í Bandaríkjunum, Nýja Sjálandi og víðar. Þessar aðferðir eru meðal annars rannsóknir á þolmörkum ferðamennsku (*Tourism Carrying Capacity*) með hliðsjón af upplifun ferðamanna annars vegar og náttúrulegu og manngerðu umhverfi hins vegar. Niðurstöður þolmarkarannsóknanna eru síðan skoðaðar í ljósi „afþreyingarrófsins“ (e. *Recreation Opportunity Spectrum, ROS*) en í því eru einstök svæði skoðuð á kerfisbundinn hátt í stærra samhengi í svokölluðu „rófi afþreyingarmöguleika“. Þar er lögð áhersla á að við skipulag ferðamannastaða eigi ekki að gera tilraun til að gera öllum ferðamönnum til hæfis á sama staðnum. Þess í stað beri að huga að sérstöðu hvers staðar og miða við að uppfylla óskir þeirra ferðamanna sem aðhyllist ákveðna ferðamennsku og upplifun í sátt við umhverfi viðkomandi staðar.

Í verkefninu er einnig leitast við að greina viðhorf ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila til nýtingar hálendisins til ferðamennsku og hvernig þeir sjá fyrir sér framtíðaruppbyggingu þess. Sá hluti rannsóknarinnar sækir fyrirmynd sína til LAC-líkansins (*Limits of Acceptable Change*) sem búið var til á meðan unnið var að stofnun og skipulagi á Bob Marshall þjóðgarðinum í Bandaríkjunum. Samkvæmt líkaninu eru niðurstöður rannsókna kynntar fyrir hagsmunaaðilum og þeir síðan fengnir til að kortleggja hugmyndir sínar um nýtingu og rökstuðning sinn fyrir að nýta landið á einn hátt frekar en annan. Að lokum þarf að komast að samkomulagi (*consensus*) um meginatriði í skipulaginu.

Í lok verkefnisins verður lögð fram tillaga að landnýtingu fyrir ferðamennsku á Suðurrhálendinu, sem hefur það að markmiði að svæðið nýtist sem best til sem fjölbreytilegastrar útivistar og ferðamennsku án þess að gengið sé á auðlindina. Það er

gert með því að í fyrsta lagi að taka mið af mismunandi forsendum þeirra markhópa sem hægt er að höfða til og ferðapjónustan vill ná til og í öðru lagi með því að taka tillit til hvers konar ferðamennsku náttúrulegt og mangert umhverfi þolir. Landnýtingartillagan verður kynnt þeim aðilum sem fara með skipulagsvöld á svæðunum eins og t.d. sveitarstjórnnum, Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandisins, Skipulagsstofnun, SAF, Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun og þeir hvattir til að nýta sér tillögurnar í endanlega landnýtingartillögu fyrir ferðamennsku á hálandinu.

Frá því á vordögum árið 2007 hefur verið unnið að forrannsókn við Lakagígasvæðið í Skaftárhreppi og er sú rannsókn hugsuð sem undirbúningur fyrir stóra verkefnið og til mótnar á aðferðum sem nýtast við séríslenskar aðstæður. Lakagígar urðu til í Skaftáreldum, einu mesta gosi Íslandssögunnar árið 1783-1784 og mynda þeir um 25 km langa gígaröð. Svæðið er mjög viðkvæmt fyrir ágangi, spor myndast fljótt í mosann auk þess sem jarðvegur molnar auðveldlega og myndast þá spor í landið sem ekki hverfa. Vegna sérstöðu svæðisins voru Lakagígar og nágrenni, friðlýst sem náttúruvætti árið 1971 og frá árinu 2004 urðu þeir hluti af Skaftafellspjóðgarði.

Rannsóknin skiptist í nokkra verkþætti:

- Staðlaða spurningalista sem voru lagðir fyrir um 400 manns sem komu að Laka vikuna 21. til 29. júlí 2007.
- Viðtöl sem tekin voru við 19 ferðamenn á sama tímabili. Í viðtölunum og spurningalistunum var m.a. spurt um ferðatilhögun og afstöðu til; hálandisins, þjónustu, vega og annarra mannvirkja.
- Viðtöl voru tekin við ýmsa aðra hagsmunaaðila; þ.m.t. alla sem selja gistingu í Skaftárhreppi, ferðapjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem fara með ferðamenn um svæðið, ýmis áhugamannafélög og Umhverfisstofnun (landverði og þjóðgarðsvörð).
- Lagt var mat á áhrif ferðamennsku á landið og samhliða því þróaður kvarði til að meta álag á göngustíga.
- Á tímabilinu 17. júní til 9. september voru taldar bifreiðar á fjórum stöðum á aðkomuleiðum og hringvegi um Lakagígasvæðið. Þetta var gert með umferðarteljrum Vegagerðarinnar og mælingar teknar á klukkutíma fresti.

Verið er að vinna úr gögnunum en þegar eru þó margt komið fram, m.a. um afstöðu til breytinga á vegum og aðgengi og verður gerð grein fyrir því í erindinu.

Í erindinu verður sjónum sérstaklega beint að aðgengi að svæðinu en Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandisins hefur nýlega kynnt hugmyndir um að bæta veginn sem liggur frá Þverá upp að Miklafelli og leggja þaðan nýjan veg að Galta. Þessi leið er styttri en núverandi leið og liggur ekki eins hátt auk þess sem ekki er yfir neinar ár að fara. Bætt aðgengi að svæðinu mun væntanlega leiða til aukins

gestafjölda og er spurning hvort landið og sú upplifun sem ferðamenn eru að sækjast eftir þoli það.

Meðal ferðþjónustuaðila eru skiptar skoðanir um hvort gera eigi Lakagígasvæðið aðgengilegra fyrir ferðamenn eða ekki. Þeir sem fara með ferðamenn um svæðið voru flestir hlyntir því að aðgengi að Lakagígasvæðinu yrði óbreytt. Var það annars vegar vegna náttúruverndarsjónarmiða þar sem slæmir vegir takmarka fjölda fólks sem kemur þangað inn eftir. Í því sambandi var bent á að viðkvæm náttúran þyldi ekki aukinn fjölda. Hins vegar höfðu menn í huga þau viðskiptatækifæri sem felast í því að geta boðið upp á súperjeppa-ævintýraferðir og töldu að í því lægi sérstaða svæðisins að einhverju leyti. Þeir sem bjóða gistingu í Skaftárhreppi vildu hins vegar allir fá betri veg að Lakagígum því þeir töldu að það myndi leiða til fjölgunar gistinátta hjá þeim. Horfðu þeir þá bæði til þess að ef leiðin yrði gerð fólksbílafær gætu fleiri farið hana, sem og að sá tími sem fært væri inn á Lakagígasvæðið myndi lengjast. Öll þessi sjónarmið má rökræða á ýmsan hátt. Betri vegur gæti hugsanlega leitt til fækkunar gistinátta í hreppnum, t.d. ef hann yrði það góður að hægt væri að skoða svæðið á hluta úr degi og nota gistingu utan hreppsins. Sama gæti gerst ef gerð yrði hringleið með Miklafellsvegi sem tengdist inn á Lakaveg við Galta. Ferðafólk gæti þá t.d. gist í Skaftafelli og farið upp með Þverá, inn að Lakagígasvæðinu, komið niður hjá Hunkubökkum og brunað áfram vestur í Vík án þess að skilja eftir eina einustu krónu í Skaftárhreppi.

Skoðanir ferðamanna eru einnig nokkuð fjölbreytilegar. Margir töldu veginn vondan en vildu jafnframt hafa hann vondan. Af þeim 400 sem svöruðu spurningalistanum vildu tæplega 80% ekki láta bæta veginn og nefndu t.d. „að gaman væri að hafa hann svolítið villtan“. Margir bentu á að slæmir vegir væru ein leið til að takmarka aðgang að svæðinu auk þess sem að með bætum vegum fylgdi annars konar ferðamennska en þar er núna, „eins konar drive-through menning“. Viðmælendum leist flestum nokkuð vel á nýja hringleið, „það er alltaf skemmtilegra að geta farið nýja leið til baka“. Af þeim níttján ferðamönnum sem tekið voru viðtöl við vildi einungis einn viðmælenda gera veginn fólksbílafæran. Sex vildu láta laga verstu kafla vegarins lítillaga og tólf voru ánægðir með veginn eins og hann er.

Ljóst er að viðhorf til breytinga á aðgengi, vegum og þjónustu eru mismunandi meðal hagsmunaaðila. Í samræmi við aðferðafræði verkefnisins er, eins og fyrr var nefnt, næsta skref að þeir reyni að komast að samkomulagi um meginatriði og nýti sér þá meðal annars þau gögn sem safnað var í verkefninu.

Að lokum skal bent á að ekki er rétt að taka ákvörðun um nýtingu eins svæðis eins og Lakagíga heldur þarf að skoða nýtingu þess í samhengi við nálæg svæði og á landsvísu. Því þarf að rannsaka nálæg svæði á sama hátt og að því er stefnt.